

Ákvörðun nr. 26/2023
Þriðjudagurinn 18. júlí 2023

Samruni Landsbréfa hf. og TFII slhf.

1. Með þessari ákvörðun er tekin afstaða til samruna Landsbréfa hf. (hér eftir „Landsbréf“) og TFII slhf. (hér eftir „TFII“) en með rekstrarsamningi dags. 30 maí 2023 milli samrunaaðila tók Landsbréf yfir sem rekstraraðili framtakssjóðsins TFII. Formleg tilkynning um samrunan barst Samkeppniseftirlitinu þann 21. júní 2023. Samrunaaðilar óskuðu eftir undanþágu frá banni við að framkvæma samrunann á grundvelli 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og veitti Samkeppniseftirlitið undanþáguna með skilyrðum þann 16. júní 2023.
2. Samkeppniseftirlitið og samrunaaðilar áttu í samskiptum áður en formleg samrunatilkynning eða beiðni um undanþágu bárust. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 22. júní 2023. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.
4. Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur það verið mat eftirlitsins að sjóðir í rekstri fjármálafyrirtækja séu öllu jafna taldir vera undir yferráðum viðkomandi fjármálafyrirtækis í skilningi samkeppnislaga.¹ Með bréfi dags. 30. maí 2023 tók Landsbréf yfir sem rekstraraðili TFII en samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða skal hver sérhæfður sjóður vera rekinn af rekstraraðila. Samkvæmt þeim samningi mun Landsbréf bera ábyrgð á undirbúningi ákvarðana TFII og tillagna um fjárfestingar og sölu eigna TFII, upplýsingagjöf, fundahald, miðlun gagna og eftirfylgni með fjárfestingum. Landsbréf skal einnig sjá til þess að rekstur TFII sé í réttu horfi og í samræmi við gildandi lög ásamt því að leggja félaginu til framkvæmdastjóra. Með undirritun rekstrarsamningsins færðust yferráð sjóðsins í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga til Landsbréfa. Er því um að ræða tilkynningaskyldan samruna í skilningi samkeppnislaga.
5. Í samrunaskrá kemur fram að Landsbréf sé sérhæfð fjármálastofnun á sviði eigna- og sjóðastýringar. Félagið reki fjölda sjóða, bæði verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði, sem fjárfestar víða í íslensku samfélagi og eins á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Landsbréf er dótturfélag Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“). Landsbréf hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Auk þess hefur félagið viðbótarstarfsheimildir til að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf.

¹ Sjá hér t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins [nr. 43/2019](#), *Samruni Sjóðsins AU3 ehf. og Málsmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf.* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins [nr. 3/2023](#), *Yfirtökuboð Alfa Framtaks á Origo*.



Landsbankinn er hefðbundinn viðskiptabanki sem starfrækir útibú eða bankaafgreiðslur víða um land.

6. Landsbréf fer með eignarhlut í fjölda fyrirtækja í gegnum sjóði sem eru í stýringu Landsbréfa. Sjóðurinn Horn IV slhf. á hlut í eftirfarandi félögum: GoPro ehf., Hugvit hf., ITSS (skráð í Búlgaríu), GoPro Consulting ApS (skráð í Danmörku), Canalix ehf., GoPro Consulting Ltd. (skráð í Bretlandi), S4S ehf., S4S Tæki ehf., Hliðarspor ehf., Eðalfang ehf., Brimilshólmi ehf., Eðalfiskur ehf., Norðanfiskur ehf. Sjóðurinn Horn III slhf. á hlut í eftirfarandi félögum: Bílaleiga Flugleiða ehf.², Lífland ehf.³, PAC1501 ehf.⁴. Sjóðurinn Icelandic Tourism Fund I slhf. á hlut í eftirfarandi félögum: Arctic Adventures hf.⁵, ST Holding ehf.⁶ og Þríhnúkar ehf.
7. Í samrunaskrá kemur fram að TFII sé samlagshlutafélag sem stofnað var af Íslenskum verðbréfum 2017. Tilgangur félagsins sé að fjárfesta í hlutabréfum og öðrum verðbréfum, fjármálagerningum og öðrum fjárhagslegum verðmætum, lánastarfsemi tengdum fjárfestingum og tengur rekstur. Félagið er sérhæfður sjóður samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið á 85,56% hlut í TF II A ehf. sem er eignarhaldsfélag um fjárfestingu í Hreinsitækni ehf., 60% hlut í Hringrás ehf. og 100% hlut í HTF2 ehf., en samkvæmt samrunaskrá var enginn starfsemi í því félagi í lok árs 2022.
8. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni getur stofnunin gripið til íhlutunar með setningu skilyrða sem tryggja eiga virka samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir forsendum fyrir íhlutun vegna þess samruna sem hér er til umfjöllunar. Einnig er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að samrunaaðilar líti í starfsemi sinni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnislegar hindranir sem samruninn myndi annars geta leitt af sér.
9. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu.
10. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að enginn skörun sé á milli starfsemi þeirra sem félögin hvort um sig sinni. Starfsemi félaganna fari fram á ótengdum mörkuðum. Að mati samrunaaðila þá starfar Hreinsitækni á markaði fyrir þjónustu við frárennsliskerfi, markaði fyrir hreinsun gatna og gönguleiða, markaði fyrir flutning á úrgangsolíu og markaði fyrir viðgerð og fóðrun lagna. Samrunaaðilar líta einnig á að Hringrás starfi á markaði fyrir söfnun endurvinnsluefna og markað fyrir meðhöndlun úrgangs. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.
11. Að mati samrunaaðila er staða Hreinsitækni á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar sterk. Í þessu máli er þó ljóst að samruninn leiðir ekki til samþjöppunar á þeim mörkuðum sem

² Bílaleiga Flugleiða ehf. á eignarhluti í eftirfarandi félögum: Bílþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., Fasteignafélagið Völlur ehf., Pallaleigan Stoð ehf., Bílakaup ehf. og Iceland Luxury Expeditions ehf.

³ Lífland ehf. á eignarhluti í eftirfarandi félögum: Nesbúegg ehf., Kornax ehf., Granir ehf., Lífland Agri AS, Sölusmiðurinn ehf.

⁴ PAC1501 ehf. á eignarhluti í eftirfarandi félögum: Hvaleyri hf., Bus Hostel ehf., Hagvagnar hf., Hópbílar hf., Around Iceland ehf., Hagvagnar þjónusta ehf., Reykjavík Sightseeing Invest ehf. og Airport Direct ehf.

⁵ Arctic Adventures hf. á eignarhluti í eftirfarandi félögum: Straumhvarf ehf., Magma Dive ehf., Adventure hotels ehf., Arctic Adventures UAB, Into the Glacier ehf., ITG fasteignir ehf., Óbyggðasetur ehf., Welcome Entertainment ehf., JJ34 ehf., Viking Car rental ehf., South East ehf., Great Canadian Adventure Company Ltd. og Arctic rekstur ehf.

⁶ ST Holding ehf. á eignarhluti í eftirfarandi félögum: Special Tours ehf., Reykjavík Röst Bistro ehf., Whales of Iceland ehf., Reykjavík Sailors ehf. og Lundey-Náttúruferðir ehf.



samrunaaðilar starfa á þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sömu mörkuðum. Í þessu máli er því um svo kallaðan samsteypusamruna (e. conglomerate merger) að ræða að mati samrunaaðila.

12. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekkert í fyrirbyggjandi gögnum eða upplýsingum sem stangast á við framangreint mat samrunaaðila. Vegna þessa og í ljósi niðurstöðu málsins þarf ekki að skilgreina markaði ítarlegar eða með endanlegum hætti. Þá er um að ræða samsteypusamruna sem hafi ólíklega neikvæð áhrif á samkeppni. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Hins vegar sé ákveðin hætta fólgin í eignarhaldi framtakssjóða á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði í umsjón rekstrarfélaga stóru bankanna sem Samkeppniseftirlitinu bar að rannsaka og eftir atvikum íhlutast vegna.
13. Framtakssjóðir á vegum rekstrarfélaga og sjóðstýringarfyrirtækja hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í mikilvægum fyrirtækjum á fjölda samkeppnismarkaða undafarin ár. Hefur þessum fjárfestingum í vissum tilfellum fylgt möguleg röskun á samkeppni. Má rekja umrædda röskun að hluta til tengsla stóru viðskiptabankanna við umrædd rekstrarfélög sem fara með stýringu og umsjón viðkomandi sjóða. Einnig hefur borið á því að sömu sjóðir, fjárfestar og rekstrarfélög komi að yfirráðum og eignarhaldi á fleiri en einu fyrirtæki og þar með keppinautum á sama markaði.
14. Telur Samkeppniseftirlitið að gjalda beri varhug við eignatengslum af því tagi. Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni í því samhengi hefur Samkeppniseftirlitið í fjölmörgum fyrri ákvörðunum lokið slíkum málum með sátt við viðkomandi samrunaaðila. Samhliða máli þessu höfðu Landsbréf tilkynnt Samkeppniseftirlitsins um samruna vegna kaupa sjóðsins Horn IV á REA ehf. Samkeppniseftirlitið lauk því stjórnisýslumáli með gerð sáttar við Landsbréf sem ekki er atviksbundin og á að koma í veg fyrir mögulega röskun og hagsmunaárekstra sem yfirráð Landsbréfa á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði getur skapað, sem og möguleg vandkvæði vegna lóðréttra tengsla við Landsbankann. Var sú sátt birt í áðurnefndri ákvörðun nr. 25/2023.
15. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt hafi verið að setja samruna Landsbréfa og TFII skilyrði. Eins og áður greindi þá gerði Samkeppniseftirlitið heildstæða sátt við Landsbréf í ákvörðun nr. 25/2023 sem leysir þau samkeppnislegu vandkvæði sem einnig stafaði af samruna þessum og vegna þeirrar íhlutunar Samkeppniseftirlitsins er ekki þörf á að hafast frekar að í máli þessu.

Ákvörðunarorð

„Undirritun rekstrarsamnings milli Landsbréf hf. og TFII slhf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið gerði sátt við Landsbréf, dags. 18. júlí 2023, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2023. Með setningu skilyrða í þeirri sátt er ekki þörf á að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson